
Starfslýsing

Yfirmaður: Ráðgjafaiðjuþjálfari

Stofnun / deild Fjölskyldusvið

1. Meginviðfangsefni

Starfar við akstur sérútbúinnar bifreiðar og létta húsvörslu. Ekur einstaklingum sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð og geta ekki vegna langvarandi skerðingar notað almenningssamgöngur. Akstur á milli staða, s.s. skóla, heimilis, dagvistunar, heilsugæslu og vegna frístunda. Keyrir heimsendum mat út í Neskaupstað til þeirra er nýta sér þá þjónustu. Einnig er eftirlit og létt húsvarsla með þjónustuhúsnæði í eigu Fjarðabyggðar, Breiðabliki og Egilsbúð. Starfið felur ekki í sér mikið líkamlegt erfiði en þó er reglulegur snjómokstur, burður og aðstoð við hreyfihamlaða einstaklinga mikilvægur hluti starfsins.

2. Helstu verkefni

2.1. Heimsendur matur

- Keyrir út mat til eldri borgara og öryrkja í Neskaupstað.

2.2. Akstursþjónusta

- Keyrir fólki með langvarandi skerðingar í Fjarðabyggð eftir þörf og skipulagi.

2.3. Húsvarsla

- Sér um létta húsvörslu í Breiðabliki og Egilsbúð.
- Heldur innkeyrslu og gönguleiðum færum.
- Sér um létt viðhald og eftirlit.

2.4. Stjórnarsýsla

- Starfar samkvæmt samþykktum og verklagsreglum í málum fjölskyldusviðs og í samræmi við áherslur bæjaryfirvalda Fjarðabyggðar.

2.5. Samskipti

- Við notendur akstursþjónustu Fjarðabyggðar.
- Við starfsmenn á fjölskyldusviði innan stjórnarsýslu sem utan.
- Við starfsmenn í stjórnarsýslu Fjarðabyggðar.



Starfsmaður í akstri og léttri húsvörslu

3. Hæfni- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun og reynsla

- Reynsla af starfi með eldri borgurum og öryrkjum er æskileg.
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er æskileg.
- Meiraprófsréttindi til að keyra sérútbúinn bíl fyrir fatlaða eru nauðsynleg.

3.2. Hæfnisþættir

- Gerð er krafa um verulega hæfni í mannlegum samskiptum.
- Starfið krefst almennrar líkamlegrar hreysti.

Fjarðabyggð _____

Yfirmaður

Starfsmaður